

Ár 2007, þriðjudaginn 19. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Einkaleyfastofunnar

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar löggin um kjararáð tóku gildi, sæta ákvörðunum þriggja manna kjararáðs, þar til kjararáð hefur ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skuli framvegis ná. Ákvörðun launa og starfskjara forstjóra Einkaleyfastofunnar heyrir undir kjararáð samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 10. mars 2007 frá forstjóra Einkaleyfastofunnar þar sem hann óskaði eftir að launakjör hans yrðu endurskoðuð. Í bréfinu kom fram að laun hans hefðu síðast verið endurskoðuð árið 2004. Frá þeim tíma hefði starfsemi Einkaleyfastofunnar tekið miklum breytingum og samtímis þeim starf og ábyrgð forstjóra hennar. Mætti þar nefna að 1. nóvember 2004 hefði Ísland gerst aðili að Evrópska einkaleyfasamningnum (EPC) og þar með orðið hluti af Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO). Aðildinni fylgdi þátttaka í fjölda nefnda og ráða. Forstjóri ætti sæti í framkvæmdaráði EPO og tæki þátt í ákvörðunartöku og stefnumótun. Atkvæðaréttur aðildarríkja (32 talsins) væri jafn. Þá ætti forstjóri sæti í fjárlaganefnd EPO. Auk setu í þessum föstu ráðum hefði forstjórinn verið kosinn í yfirstjórn Evrópsku einkaleyfaakademíunnar (Supervisory Board of the European Patent Academy). Hefði þátttaka í ofangreindum ráðum verið afar gagnleg fyrir stofnunina og nýst til beins og óbeins stuðnings ýmissa verkefna fyrir íslenskt atvinnulíf. Þá hefði stofnunin á árinu 2006 tekið við verkefnum faggildingar frá Neytendastofu. Einn starfsmaður hefði flust til í starfi frá Neytendastofu og hefði nú nýlega verið ráðinn annar starfsmaður í faggildingardeild. Talsverð vinna hefði falist í umræddum breytingum og ýmis verkefni framundan vegna samræmingar og skipulagsmála. Árið 2006 hefði verið undirritaður samningur milli Íslands, Noregs og Danmerkur um stofnun norrænnar rannsóknarstofnunar fyrir einkaleyfaumsóknir og væri ráðgert að stofnunin tæki til starfa 1. janúar 2008. Mikil vinna hefði farið í undirbúning þessarar stofnunar á meðal stofnenda hennar, en einnig á alþjóðavettvangi. Á síðasta ári hefði stofnunin fengið leyfi til að starfa hjá Alþjóðahugverkastofnuninni í Genf (WIPO). Fyrirsjáanlegt væri að undirbúningurinn krefðist enn frekara framlags af hálfu stofnenda hennar, sérstaklega forstjóra norrænu stofnananna.

Með bréfum dagsettum 20. mars 2007 var fjármálaráðuneytinu og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 4. apríl 2007. Í bréfinu kom ekki fram afstaða til málsins. Í svari iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins dagsettu 21. mars 2007 var tekið undir það með forstjóranum að starfsemi stofnunarinnar og þá sérstaklega ábyrgð og starf forstjórans hefði tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Við umfangsmikið

alþjóðlegt samstarf, t.d. á vettvangi Alþjóðahugverkastofnunarinnar og Evrópska efnahags-svæðisins, hefði bæst aðild að Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) frá 1. nóvember 2004. Undirbúningur að aðild hefði verið mikið starf. Þá krefjist seta í framkvæmdaráði EPO mikils vinnuframlags en forstjórinn sitji meðal annars í fjárlaganefnd stofnunarinnar þar sem teknar séu ákvarðanir um fjárframlög til einstakra landa. Margvíslegt fræðslustarf hefði farið fram í upphafi aðildarinnar og samskipti við innlenda aðila væru mikil. Frá árinu 2006 hefði Einkaleyfastofan haft með höndum verkefni faggildingar sem hefði komið frá Neytendastofu. Mælti ráðuneytið með því að kjararáð tæki erindi forstjórans til athugunar og ákvarðaði honum svipuð laun og forstjóra Neytendastofu.

III.

Ekki eru sérstök lög um Einkaleyfastofuna en fjallað er um hana í reglugerð nr. 188/1991. Segir þar í 1. gr. að Einkaleyfastofan sé ríkisstofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Samkvæmt 2. gr. er hlutverk hennar einkum: Að fara með málefni er varða einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar; að veita einstaklingum, stofnunum og atvinnufyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverka-réttindi í iðnaði; að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverka-réttindum verði aðgengileg almenningi. Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar skipar iðnaðar-ráðherra forstjóra Einkaleyfastofunnar og er hann jafnframt vörumerkjaskrárritari. Forstjóri stýrir stofnuninni, ræður starfslið og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar. Nánar er fjallað um verkefni stofnunarinnar í lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, lögum um vörumerki nr. 45/1997, lögum um hönnun nr. 46/2001, lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006 og lögum um félagamerki nr. 155/2002.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laganna segir að kjararáð skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað um laun forstjóra Einkaleyfastofunnar. Kjaranefnd úrskurðaði síðast um laun hans 9. júní 2004. Eins og fram kemur í framansögðu hefur orðið aukning á alþjóðlegu samstarfi stofnunarinnar og hefur kjararáð ákveðið með vísan til þess að að fjölga mánaðarlegum yfirvinnueiningum forstjórans.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjóra Einkaleyfastofunnar skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2007 skulu mánaðarlaun forstjóra Einkaleyfastofunnar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 129 nú 527.764 krónur. Að auki skal greiða honum 24 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokkki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir